

FJÖLRIT NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUNAR

1

Bergþór Jóhannsson

Tillögur um nöfn á íslenskar mosaættkvíslir



Júní 1985

Útgefandi: Náttúrufræðistofnun Íslands
Laugavegi 105
Pósthólf 5320
125 Reykjavík

Ritnefnd: Erling Ólafsson
Bergþór Jóhannsson
Sveinn Jakobsson



EFNISYFLIRIT

	bls.
Agrip	4
Inngangur	5
Fylkingin	6
Flokkahéiti	7
Ættkvíslir, íslensk heiti með skýringum	7
Ættkvíslir í stafrófsröð latneskra heita	31
Ættahéiti	33
Ættbálkahéiti	33
Tegundahéiti (dæmi) í stafrófsröð íslenskra nafna ..	34
Heimildir	35

TILLÖGUR UM NÖFN Á ISLENSKAR MOSAETTKVÍSLIR

Bergþór Jóhannsson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Pósthólf 5320
125 Reykjavík

AGRIP

Settar eru fram tillögur um íslensk nöfn á allar þær 168 mosættkvíslir sem vitað er um með vissu hérlandis.

INNGANGUR

Um nokkurt skeið hef ég reynt að gefa íslenskum mosategundum íslensk nöfn. Þetta hefur reynst erfitt viðfangs og ekki er ég enn að fullu ánægður með Árangurinn. Nú liggja fyrir drög að nöfnum á allar íslenskar tegundir. Það kerfi sem ég hef notað er pannig að nöfn allra mætkvisla enda á mosi. Þar sem fleiri en ein tegund er í mætkvísli er notuð sama ending á allar tegundir. Þessi ending er mynduð af fyrra lið mætkvislarheitis eða af skyldu örði svipaðrar merkingar. Nöfn ætta og mætkvisla eru mynduð af heiti einkennis-mætkvislar. Tillögur eru gerðar um sérstök heiti fyrir flokkana.

Tillögur minar þurfa ekki að vera endanleg niðurstaða. Eg geri ráð fyrir að aðeins nokkur hluti þessara nafna komist í notkun. Þess vegna tel ég ekki ástæðu til að birta hér tegundanöfn, nema dæmi til að auðveldara sé að áttu sig á hvernig endingarnar fara í samsetningum. Þess er vánst að þeir sem hafa tillögur um betri nöfn komi þeim á framféri svo unnt sé að þæta það sem ekki er nægilega gott. Nöldur verður ekki til neinna nota.

Aðeins örfa gömul mosanöfn eru til. Tvö þeirra eru notuð hér, barnamosi og gamburmosi. Finna má í bókum nokkrar afleitar og ónothæfar þyðingar. Verða þær ekki tiundaðar hér, því það er ekki ætlunin að gera neina sögulega úttekt, heldur aðeins að koma á framféri þeim hugmyndum um nöfn sem á eftir fara. Til eru einnig nokkur frekar nýleg nöfn, sem annað hvort ná yfir margar tegundir, jafnvel margar óskyldar mætkvislir eða falla ekki inn í það kerfi sem hér er notað. Nafnið sverðmosi (Áskell Löve 1963) er þó undantekning. Það er gott nafn sem er notað hér. Mörg af nöfnum Helga Hallgrímssonar eru einnig notuð hér, sbr. hér á eftir.

Brennt hefur örðið mér til hjálpar við þessar nafngiftir.

1. Eg er nokkuð kunnugur flestum íslenskum mosategundum og hef því getað notað við nafngiftirnar einhver einkenni þeirra, svo sem útlit, byggingu, blaðeinkenni eða kjörlendi.


2. Helgi Hallgrímsson grasafræsingur og safnvörður hefur verið ötull við að finna nöfn á íslenska mosa. Hefur hann komið með margar góðar tillögur. Er hann höfundur að mörgum þeirra nafna sem hér er að finna, t.d. brekamosi, fossmosi, hélimosi, hnokmosi, hraukmosi, klómosi, rekilmosi, skrápmosi, taðmosi og örmosi. Fleiri hugmyndir hans eru notaðar hér, sumar að visu í breytti mynd. Helgi hefur komið upp spjaldskrá með gömlum og nýjum mosaheitum. Helgi var svo vinsamlegur að gera fyrir mig skrá eftir spjaldskránni á Náttúrugripasafninu á Akureyri, sem hann leyfði mér að nota. Kann ég Helga bestu pakkir fyrir þetta og ekki síður fyrir hin ágætu nöfn hans og áhuga hans á þessu málí.

3. Íslensk orðabók, gefin út af Bókaútgáfu Menningarsjóðs 1983, hefur reynst mér afar notadrjúg og eru allar tilvitnanir innan gæsalappa hér á eftir tekna úr henni. Tekið skal fram að oft er aðeins tekin sú skyring örðs sem nota þarf og eru því skyringar orðabókarinnar miklu fullkomnari en þessar tilvitnanir gefa til kynna.

Teikningar eru eftir höfund. Þakkir kann eg þeim er læsu þetta handrit yfir, þeim Dóru Jakobsdóttur og Erling Olafssyni, og einnig Helgu Valdemarsson fyrir tölvuvinnu.

FYLKINGIN

Fylkingin Bryophyta hefur hliotíð heitið mosar á íslensku. Mosaheitið hefur reyndar einnig verið notað um fléttur og skófir frá fornu fari. Þetta er afar óhentugt þar sem hér er um óskyldar plöntur að ræða. Þetta er einnig óþarf. Það er alveg eins hægt, og að minu mati mun betra, að nota hreindýrafléttu í stað hreindýramosi og litunarskóf í stað litunarmosi.



1.mynd. Gróhirslur, allar lokaðar. a: Soppmosi. Gróhirsla á stilk. Neðst sást í efstu blöðin á kynlið (Gymnomitrium coralliooides). b: Hornmosi. Gróhirsla. Neðst sást sliður myndað af kynlið (Phaeoceros laevis). c: Baukmosi. Gróhirsla og efsti hluti stiks (Tetraplodon mnioides).

FLOKKAHEITI

I því kerfi sem ég tel raunhæfast eru þrír flokkar, Marchantiopsida, Anthocerotopsida, Bryopsida. Hér væri unnt að nota nöfn einkennisættkvíslanna og tala um stjörnumosaflokk, hornmosaflokk og hnokkmosaflokk. Slik aðferð er hentug í ættbálkaheitum en heldur óhentug í flokkaheitum. Það sem skilur þessa flokka best að er gróliðurinn. Hentugasta einkennið til aðgreiningar er gróhirslan. Hjá Marchantiopsida er stilkur gróhirslunnar oftast langur, en alltaf skammar, veiklulegur, hálfgegnar og hvitleitur. Gróhirslan er smá og afar einföld að gerð, kúlulaga og opnast óreglulega, rifnar oftast í sundur ofan frá í fjórar ræmur. Hjá Anthocerotopsida er stilkurinn afar stuttur og varla aðgreinanlegur frá gróhirslunni, sem er langlif, flókin að gerð og hornlaga. Hún opnast með því að klofna smám saman í tvær ræmur. Hjá Bryopsida er stilkurinn sterkyggjur, gulur, rauður eða brúnn, langlifur. Gróhirslurnar eru langlifar, flóknar að gerð og margvislega lagaðar, en nær undantekningarlaust opnast þær með loki, sem er framan á gróhirslunni.

Kenna mætti þessa þrá flokka við lögun og gerð gróhirslunnar (1. mynd).

Soppmosar: Marchantiopsida, með kúlulaga gróhirslu, sbr. soppur, "knöttur, bolti".

Hornmosar: Anthocerotopsida, með hornlaga gróhirslu, sbr. horn, "hyrnisstíkill eða -kvísl á höfði dýrs".

Baukmosar: Bryopsida, með gróhirslu með loki, sbr. baukur, "krukka, dós, askja" og "hyðisaldin sem opnast með loki".

ÆTTKVÍSLIR, ISLENSK HEITI MED SKÝRINGUM

Hér fara á eftir tillögur um heiti á ættkvíslum íslenskra mosa. Nöfnum er ráðað í stafrófsrð eftir íslensku ættkvíslaheitunum. Á eftir íslenska heitinu fer latneska heitið, síðan er gefin ending sú sem kemur á tegundanöfnin ef fleiri en ein tegund er pekkt hérlandis, og að lokum er gefinn fjöldi íslenskra tegunda af ættkvíslinni. Þegar aðeins er ein tegund innan ættkvíslar er aðlast til að notað sé sama nafn á ættkvísl og tegund.

Af mör gum ættkvíslum er nær útilokað að fleiri en ein tegund sé til hérlandis. Er í slikum tilvikum ekki hirt um að hafa nöfnin pannig að auðvelt sé að mynda af þeim tegundarendingu, t.d. bjúgmosi, blámosi, brámosi, hlaðmosi, hraukmosi, hrísamosi, rjúpumosi, röðulmosi, sverðmosi, örmosi.

Sumar ættkvíslir sem ég tel hafa eina íslenska tegund, mundu af einhverjum örnum mosafræðingum vera taldar hafa tvær tegundir hér á landi. Af örnum ættkvíslum er vel mögulegt að fleiri tegundir finnist. Reynt hefur verið að haga nafngiftum í slikum tilvikum pannig að auðvelt sé að mynda tegundarendingu af ættkvíslarheitinu, t.d. darrmosi (-darri), fannmosi (-fanni), hélimosi (-héli), kuðulmosi

(-kuðuli), snúðmosi (-snúður), spengilmosi (-spengilli), vöggmosi (-vöggur), þvengmosi (-þvengur), ögurmosi (-ögri).

Reynt er að gera grein fyrir nafngiftinni með því að gefa upp þá merkingu orðsins (Orðabók Menningsjáðs) sem lögð er til grundvallar. Siðan er gefin ástæðan fyrir því að merking orðsins er tengd mosanum. Að lokum er gefið eitt dæmi um tegundarheiti, þannig að auðveldara sé að átta sig á því hvernig endingarnar fara í samsetningum.

Rétt pykir mér að benda á að misráðið getur verið að nota í ættkvíslarheitinu forskeyti sem henta mjög vel sem tegundaforskeyti jafnvel í mörgum ættkvíslum, svo sem engja-, fjalla-, strand-, heiða-, myra-, lækja-, lauga-, bylgju-, hærð-, brún-, o.s.frv. Slikt getur gert illmögulegt að nota forskeytin í tegundanöfnum.

Almosi: *Blindia*. 1 teg.

Af nafnorðinu alur, "litill stingur". Blöð mosans mjókka fram í allaga odd (2. mynd).

Angamosi: *Hygrobiella*. 1 teg.

Af nafnorðinu angí, "mjó, litil grein" og "ögn, e-ð lítið". Mjög smávaxinn mosi. Aberandi eru blaðlausir eða smáblöðöttir angar eða smágreinar út frá sprotum sem bera vel proskuð blöð.

Armosi: *Fontinalis*. 1 teg.

Af nafnorðinu á, "vatnsfall". Stór og áberandi mosi sem vex á steinum í ám.

Barðamosi: *Bartramia*. 1 teg.

Af nafnorðinu barð, "bakki á landi". Oft áberandi utan í börðum.

Barnamosi: *Sphagnum*. -buri. 27 teg.


Af nafnorðinu barn, "krakki". Barnamosi er gamalt nafn sem er eflaust dregið af notkun mosategunda af pessari ættkvísl. Fyrrum var allalgent að barnamosi væri notaður í sama tilgangi og baðmull er notað nú.

Dæmi: *Fjáluburi* (*S. subnitens*).

Bendilmosi: *Riccardia*. -bendill. 3 teg.

Af nafnorðinu bendill, "mjó ræma". Hvort sem þalið er mikil eða lítið greindott er það alltaf í mjóum og þunnum rænum (3. mynd).

Dæmi: *Fjaðurbendill* (*R. multifida*).



2.mynd. Almosi.

Blað (*Blindia acuta*).

Bikarmosi: *Seligeria*. 1 teg.

Af nafnorðinu bikar, "staup". Gróhirslan er regluleg og upprétt og likist bikar sem er alláberandi vegna þess hve mosinn er smávaxinn.

Bjartmosi: *Anomobryum*. 1 teg.

Af lysingarorðinu bjartur, "ljós á lit" og "skinandi, ljós, skær". Mosinn er ljós og glansandi og vekur því eftirtekt þótt smávaxinn sé.


Bjúgmosi: *Amblyodon*. 1 teg.

Af lysingarorðinu bjúgur, "boginn". Þekkist auðveldlega frá öðrum mosum með svipuð blöð á því að gróhirslan er bogin.


Blaðmosi: *Pellia*. -blaðkur. 2 teg.

Af nafnorðinu blaðkur, "blaðka". Þetta er palmosi og því án stönguls og blaða. Blaðið er flatt og nokkuð breitt, þannig að mosinn er áberandi blöðkulaga (4. mynd).


Dæmi: Vætublaðkur (*P. neesiana*).



3.mynd. Bendilmosi.
Utlit (*Riccardia
multifida*).



4.mynd. Blaðmosi.
Utlit (*Pellia
neesiana*).



5.mynd. Blettamosi
Utlit (*Blasia
pusilla*).

Blámosi: *Saelania*. 1 teg.

Af lysingarorðinu blár, "með lit heiðs himins eða hafdjúps í ýmsum blæbrigðum". Mosinn er auðþekktur á bláa litnum.

Bleðilmosi: *Jungermannia*. -bleðla. 11 teg.

Af nafnorðinu bleðill, "pjatla". Blöðin eru óskipt og heilrend og því einföld að gerð. Þetta er einkennisattkvísl peirra soppmosa er hafa stöngul og blöð og því er viðeigandi að kenna hana við blöðin.

Dæmi: Hverableðla (*J. caespiticia*).

Blettamosi: *Blasia*. 1 teg.

Af nafnorðinu blettur, "dill". Auðþekktur á dökkum blettum í þalinu (5. mynd).

Blikmosi: *Plagiothecium*. -blikki. 3 teg.

Af nafnorðinu blik, "gljái, glans". Mosar af þessari attkvísl eru áberandi glansandi.

Dæmi: Gjótubliki (*P. succulentum*).

Bólmosi: *Funaria*. 1 teg.

Af nafnorðinu ból, "byli". Vex helst í byggð og við bæi, jafnvel utan í húsveggjum, í gróðurhúsum og blómapottum.

Bólsturmosi: *Anoectangium*. 1 teg.

Af nafnorðinu bólstur, "koddi, dyna". Vex uppréttur utan í klettum í mjög péttum samfelldum breiðum, sem mynda þykkta teppi utan á klettunum.


Brandmosi: *Campylium*. -brandur. 4 teg.

Af nafnorðinu brandur, "sverð". Blöðin standa oftast út frá stönglinum og mjókka fram í langan odd.

Dæmi: Pollabrandur (*C. elodes*).

Brámosi: *Hedwigia*. 1 teg.

Af nafnorðinu brá, "augnhár". Gróhirsian situr niðri á milli efstu blaðanna og sést sem rauðleitir auga, en umhverfis hana mynda gráhærð blöðin sérkennilegan hvítan kraga.



Brekamosi: *Brachythecium*. -brekill. 15 teg.

Af nafnorðinu breki, "eldur". Flestar tegundir eru áberandi ljósar á lit. Astæða fyrir notkun þessa nafns er einnig liking þess við latneska heitið.

Dæmi: Götubrekill (*B. albicans*).

Broddmosi: *Cirriphyllum*. -broddi. 3 teg.

Af nafnorðinu broddur, "oddur". Blöðin enda í längum, örmyjum broddi (6. mynd).

Dæmi: Engjabroddi (*C. piliferum*).

6.mynd.

Broddmosi.
Blað (*Cirri-*
phyllum
piliferum).

Brúskmosi: *Dicranum*. -brúskur. 8 teg.


Af nafnorðinu brúskur, "hártoppur". Þessir mosar standa uppréttir og venjulega eru margar plöntur pétt saman, þannig að úr verða brúskar.

Dæmi: Hnúskabréður (*D. elongatum*).

Burstamosi: *Campylopus*. -byrstill. 5 teg.

Af nafnorðinu bursti, "verkfæri með hárum (oft stifum) eða virpráðum eða strái". Blöðin eru upprétt, mjó og stif, þannig að mosinn likist bursta.

Dæmi: Hærubyrstill (*C. introflexus*).



7.mynd. Drysilmosi.
Hluti af sprotta, séð ofan frá (*Lophocolea*
bidentata).

Darrmosi: *Zygodon*. 1 teg.

Af nafnorðinu darr, "spjót". Eitt aðaleinkenni mosans er að oddmjó blöðin sperrast snöggt út frá stönglinum pegað þau blotna.

Drysilmosi: *Lophocolea*. -dryssill. 2 teg.

Af nafnorðinu dryssill, "smápuki". Einkennandi eru tveir hvassir oddar á blöðnum, sem minna á kvísl eða fork (7. mynd).

Dæmi: Kornadryssill (*L. minor*).

Dröfnumosi: *Preissia*. 1 teg.


Af nafnorðinu dröfna, "litill dill, blettur". Auðþekktur frá örðum svipuðum mosum, sem vaxa við likar aðstæður, á því að loftopin sjást vel án smásjár, þannig að yfirborðið er smádilótt.

Döggmosi: *Scleropodium*. 1 teg.

Af nafnorðinu dögg, "áfall, bleyta (einkum á grasi) pegað gufa í loftinu péttist á e-u köldu". Mosinn vex niðri við jörð í graslendi, þ.e. í skugga og talaverðum loftraka, t.d. frá úða eða dögg.

Eysilmosi: *Lejeunea*. 1 teg.

Af nafnorðinu eysill, "sleif, ausa". Hjá þessari ættkvísl hefur hluti hliðarblaðs orðið að ausulaga uppbroti við blaðgrunninn (8. mynd).



Fannmosi: *Pleurocladula*. 1 teg.

Af nafnorðinu fönn, "snjór, skafl". Þetta er fannhvit snjódældategund.

8.mynd. Eysilmosi.
Hluti af sprota,
séð neðan frá
(*Lejeunea cavigolia*).

Faxmosi: *Hypnum*. -faxi. 9 teg.

Af nafnorðinu fax, "mikið hár (ofan) á hálsi dýra (t.d. hesta og ljóna)". Þessir mosar liggja flatir. Blaðoddarnir sveigjast niður með stönglinum beggja megin. Útlitið minnir á fax á hesti.

Dæmi: Holtafaxi (*H. cupressiforme*).



Fjöðurmosi: *Fissidens*. -fjöður. 5 teg.

Af nafnorðinu fjöður, "leggur (fjöðurstafur) með fönnum á". Blöðin standa út frá stönglinum í tveim röðum, þannig að sprotinn minnir á fuglafjöður (9. mynd).

Dæmi: Hraunfjöður (*F. cristatus*).

9.mynd. Fjöðurmosi.
Útlit
(*Fissidens cristatus*).

Fleðumosi: *Aneura*. 1 teg.

Af nafnorðinu fleða, "grunn skeið eða skál". Þetta er flatur palmosi. Þalið er nokkuð óregiulegt að lögun en er oftast með uppbrettar rendur.


Flekkmosi: *Conocephalum*. 1 teg.

Af nafnorðinu flekkur, "blettur, svæði". Palmosi sem vex oftast í stórum samfélidum flekkjum.

Flettimosi: Neckera. -flettill. 2 teg.

Af nafnorðinu fletta, "flaga, fló, lag" og sagnorðinu fletta, "f**bók** blaða í bók" og "saga tré á langveginn", sbr. einnig flettugrjót og flettigrjót. Orðmyndin með u er fulllik fléttu- i framburði til að vera hentug, því er orðmyndin með i valin hér. bessir mosar eru greindáttir, flatir og mynda flögur, sem oft liggja hver yfir annari i lögum sem auðvelt er að fletta í sundur.

Dæmi: Skoruflettill (N.complanata).



10. mynd. Fleygmosi. Hluti af sprota, séð neðan frá (Porella cordaeana).

Fleygmosi: Porella. 1 teg.

Af nafnorðinu fleygur, "kill, það sem rekið er í eð til að kljúfa það". Hjá pessari ættkvísl hefur hluti hliðarblaðs þróast í fleygmyndaðan sepa við blaðgrunninn (10. mynd).

Flipamosi: Diplophyllum. -flipi. 2 teg.

Af nafnorðinu flipi, "lítill skinnpjatla". Hjá pessari ættkvísl hefur helmingur hliðarblaðs þróast í smáflipa sem brettist yfir stærri blaðhlutann (11. mynd).

Dæmi: Heiðaflipi (D. taxifolium).

Flosmosi: Thuidium. -flosi. 3 teg.

Af nafnorðinu flos, "vefnaður með loðnu yfirborði, það sem er flosað". Stöngullinn er með venjulegum blöðum en á milli þeirra er hann alpakinn örsmáum flosblöðum, sem hér eru grænir greindáttir þremðir.

Dæmi: Hliðaflosi (T.tamariscinum).


Flygsumosí: Peltolepis. 1 teg.

Af nafnorðinu flygsa, "tætla". Smávaxinn palmosi, sem sést sem smáar ljósgrænar flygsur í klettaskorum til fjalla.

Flögumosí: Reboulia. 1 teg.

Af nafnorðinu flaga, "punnt stykki".

Palmosi, með áberandi slétt yfirborð, flatur og punnur.



11. mynd. Flipamosi. Blað, séð ofan frá (Diplophyllum albicans).

Forkmosi: *Herbertus*. 1 teg.

Af nafnorðinu forkur, "heykvísl". Blöðin eru djúpt klofin í tvö flipa (12. mynd).



Fossmosi: *Thamnobryum*. 1 teg.

Af nafnorðinu foss, "straumvatn sem fellur niður af (háum) stalli". Vex við fossa eða annars staðar þar sem vatn dryþur niður í sifellu, t.d. í rökum hellisskútum.

Fölmosi: *Harpanthus*. 1 teg.

Af lýsingarorðinu fölur, "hvítleitur (einkum í andliti)". Mosinn er áberandi ljósleitur.

Gamburmosi: *Racomitrium*. -gambri. 11 teg.

Af nafnorðinu gambur, "gort, gaman; pvaður". Gamalt nafn, sem hefur fest við tegundir af þessari ættkvísl.

Dæmi: Grágambri (*R. lanuginosum*).

12.mynd. Forkmosi. Blað (*Herbertus stramineus*).

Gáramosi: *Oligotrichum*. 1 teg.

Af nafnorðinu gári, "upphækkuð rák". Blöðin eru með til-lifunarborðum á efta borði og einnig eru lágir borðar fremst á bakhliðinni.


Geirmosi: *Calliergonella*. 1 teg.

Af nafnorðinu geir, "spjót, vopn". Er nokkuð auðpekktur á því að stöngul- og greinaendar eru áberandi spjótlaga.

Geislamosi: *Blepharostoma*. 1 teg.

Af nafnorðinu geisi, "ljósrák eða -lina". Blöðin eru klofin niður í prjá eða fjóra örmjóla (13. mynd).

13.mynd. Geislamosi
Blað á stöngli
(*Blepharostoma trichophyllum*).



Gepilmosi: *Odontoschisma*. -gepili. 3 teg.

Af nafnorðinu gepili, "litill eða lítlegur hornspónn" og "væskill". Mosarnir eru smávaxnir og blöðin eru spónlaga eða skeiðarlaga.

Dæmi: Brúngepilli (*O.elongatum*).

Glitmosi: *Isopterygium*. -gliti. 2 teg.

Af nafnorðinu glit, "ljómi". Þessir mosar eru áberandi giansandi.

Dæmi: Fagurgliti (*L.elegans*).



Gljámosi: *Taxiphyllum*. 1 teg.

Af nafnorðinu gjá, "glans, gjái".

Gljáandi mosategund.

Glæsimosi: *Ctenidium*. 1 teg.

Af nafnorðinu glæsi, "fegurð". Nokkuð stórværð, áferðarfallegur mosi, sem vekur eftirtekt vegna regulegrar byggingar og skærslitar.

14.mynd. Gopmosi. Opin gróhirsla (*Amphidium lapponicum*).


Gopmosi: *Amphidium*. -gopi. 2 teg.

Af nafnorðinu gopi, "op; litill munnur". Stilkstutt, trektlagð og vantar opkrans. Gróhirslan er Gróhirsluopið sem blasir við þegar horft er á mosann er aðaleinkenni ættkvíslarinnar (14. mynd).

Dæmi: Litligopi (*A.lapponicum*).

Griplumosí: *Kurzia*. 1 teg.

Af nafnorðinu gripla, "FT griplur (fingra)vettlingar með hálfum þumum, þumalstýfðir fingravettlingar". Blöðin eru klofin niður í þrjá eða fjóra bogna anga, sem líkjast fingrum (15. mynd).



15.mynd. Griplumosí. Blað á stöngli (*Kurzia setacea*).

Grytumosi: *Pottia*. -grýtill. 2 teg.

Af nafnorðinu gryta, "litill pottur". Gróhirslurnar upp-réttar, regulegar og oftast frekar grunnar og pottlagð. Latneska heitið gefur einnig tilefni til að nota þetta nafn.

Dæmi: Skammgrytill (*P.truncata*).

Gyrðilmosi: *Calypogeia*. -gyrðill. 3 teg.


Af nafnorðinu gyrdill, "belti (einkum belti sem geyma má peninga 1)". Mosinn er flatur, hliðarblöðin standa út frá stönglinum, bannig að sprotinn verður beltislagð. Undirblöðin líta út eins og vasar í röð á neðra horðinu.

Dæmi: Laugagyrdill (*C.muelleriana*).


Haddmosi: *Polytrichum*. -haddir. 10 teg.

Af nafnorðinu haddir, "hár". Kafloðin hetta hylur gróhirsluna alveg og situr lengi og er því mjög áberandi.

Dæmi: Móbergshaddir (*P.sphaerothecium*).



16.mynd. Hakmosi.
Blað (Tritomaria scitula).



17.mynd. Hettumosi.
Hetta yfir gróhirslu
(Orthotrichum anomalum).

Hakmosi: *Tritomaria*. -hækill. 3 teg.

Af nafnorðinu hak, "agnúi, litilli stallur". Einkennandi fyrir ættkvíslina eru prjú hök á blöðunum (16.mynd).

Dæmi: Skáhækill (T. quinquedentata).

Hettumosi: *Orthotrichum*. -hetta. 9 teg.

Af nafnorðinu hetta, "prjónað stakt höfuðfat". Hettunar eru einkennandi fyrir ættkvíslina. Þær eru mjög áberandi og sitja lengi á gróhirslunni (17. mynd).

Dæmi: Stryhetta (O. striatum).



Hélumosi: *Anthelia*. 1 teg.

Af nafnorðinu héla, "hrím, grámi". Mosinn er ljósgrár og par sem hann vex að ráði virðist jörð hélus.

Hlaðmosi: *Ceratodon*. 1 teg.

Af nafnorðinu hlað, "svæði (oft með hlaðinni stétt) framan við sveitabæ". Algengust allra mosategunda við mannabústaði.

Hnisilmosi: *Weissia*. -hnisill. 3 teg.

Af nafnorðinu hnisiill, "litill hnykill". Smávaxnir mosar, sem vaxa í allpéttum smáhnyklum.

Dæmi: Strandhnisill (W. controversa).

Hnoðmosi: *Stegonia*. 1 teg.

Af nafnorðinu hnoð, "hnoða, hnykill". Stöngull er afar stuttur, blöðin stutt, breið og kúpt, þannig að plantan litur út eins og smáhnoða.

18.mynd. Hnokkmosi
Planta með gró-
hirslu (Bryum pallescens).



Hnokkmosi: *Bryum*. -hnokki. 27 teg.

Af nafnorðinu hnokki, "litill járnkrókur; krókur (úr járni eða beini) á hnokkatré". Alútar gróhirlurnar á uppréttum stilk likjast króki á stilkendanum (18. mynd).

Dæmi: *Silfurhnokki* (*B. argenteum*).

Hnotmosi: *Diphyscium*. 1 teg.

Af nafnorðinu hnot, "hneta". Gróhirlan er nær stilklaus, stór og sérkennilega löguð. Hún litar út eins og ljós hnot á brúnum mosanum.

Hnubbmosi: *Didymodon*. -hnubbi. 6 teg.

Af nafnorðinu hnubbur, "litil ávöll þúfa". Frekar smávaxnir mosar sem vaxa oftast í litlum ávöllum hnúskum.

Dæmi: *Hnyfilhnubbi* (*D. icmadophilus*).

Hnyðrumosi: *Glyphomitrium*. 1 teg.

Af nafnorðinu hnyðra, "hnoðri". Myndar þetta smáhnoðra á steinum.

Hnökcurmosi: *Dicranoweisia*. 1 teg.


Af nafnorðinu hnökur, "hnökri". Myndar oftast reglulega, smáa, kúpta hnökra á steinum.

Hornmosi: *Phaeoceros*. 1 teg.

Af nafnorðinu horn, "hyrnisstikill eða -kvísl á höfði dýrs". Gróhirlan er einkennandi fyrir mosann. Hún stendur upp úr palinu eins og langt grænt horn (1. mynd b).

Hraukmosi: *Antitrichia*. 1 teg.

Af nafnorðinu hraukur, "stafli, stakkur". Vex oftast ofan á grjóthraukum eða öruru sem stendur upp úr umhverfinu.



19. mynd. Hrókmosi. Útlit (*Calliergon stramineum*).

Hrisamosi: *Pleurozium*. 1 teg.

Af nafnorðinu hrís, "smávaxið birkikjarr". Vex aðallega í kjarri.

Hrókmosi: *Calliergon*. -hrókur. 6 teg.

Af nafnorðinu hrókur, "langur sláni, klunni; raumur". Blöðin eru snubbótt og aðlæg og sprotar því sívalir. Oftast eru þetta langir mosar og flestar tegundir lítið greindar (19. mynd).

Dæmi: Fláahrókur (*C. richardsonii*).

Hrufumosi: *Dichodontium*. 1 teg.

Af nafnorðinu hrufa, "arða, ójafna". Yfirborð blaðanna er sérkennilega hrufátt.

Hvirfilmosi: *Rhodobryum*. 1 teg.

Af nafnorðinu hvirfill, "(hringmynduð) þyrrping". Uppréttu stönglarnir eru með mjög smáum blöðum nema á stöngul-endanum, en þær eru stór og áberandi blöð i hringmyndaðri þyrrpingu (20. mynd).



20.mynd.Hvirfilmosi. 21.mynd.Hökumosi. 22.mynd. Höttmosi.
Utlit (Rhodobryum Gróhirsia með Hetta yfir gró-
roseum). Gróhirsia með hettu (Trematodon hirsu (Pogonatum
ambiguus)). nanum).

Hyrumosi: *Gymnocolea*. 1 teg.

Af nafnorðinu hýra, "velgja, ylur". Er viða ein aðaltegundin á volgum jarðvegi við hveri og laugar.

Hökumosi: *Trematodon*. -hökull. 2 teg.

Af nafnorðinu hökull, "hluti af messuskrúða prests". Gróhirsluhálsinn er óvenjulangur og áberandi og er aðal-einkenni ættkvíslarinnar (21. mynd).

Dæmi: Heiðahökull (*T.brevicollis*).

Höttmosi: *Pogonatum*. -höttur. 3 teg.

Af nafnorðinu höttur, "hetta, sitt höfuðfat". Hettan sem hylur alla gróhirslna er kafloðin og áberandi (22.mynd).

Dæmi: Dverghöttur (*P.nanum*).

Kambmosi: *Helodium*. 1 teg.

Af nafnorðinu kambur, "áhald til að kemba eða greiða e-ð með". Mosinn er reglulega kambgreindur (23. mynd).

Klómosi: *Drepanocladus*. -klói. 8 teg.

Af nafnorðinu kló, "oddhvöss hornmyndun fremst á tā eða fingri". Blöðin eru krókbogin og frammjó og minna á kló (24. mynd).

Dæmi: Móaklói (*D.uncinatus*).

Klukkumosi: *Encalypta*. -klukka. 6 teg.


Af nafnorðinu klukka, "bjalla, kirkjuklukka". Hettan sem er einkennandi fyrir ættkvíslina er bjöllulaga (25. mynd).

Dæmi: Alfaklukka (*E.rhaptocarpa*).


Kólfmosi: *Gymnomitrion*. -kólfur. 3 teg.

Af nafnorðinu kólfur, "klukkukólfur, dingull innan í bjöllu". Blöðin eru aðlæg og skarast. Sprotinn breikkar oft að ofanverðu og likist kólfí.

Dæmi: Grænkólfur (*G.concinnatum*).



23. mynd. Kambmosi. Útlit
(*Helodium blandowii*).



24. mynd. Klómosi.
Útlit (*Drepanocladus uncinatus*).




26. mynd. Kragamosi.
Opin gróhirsla
(*Schistidium agassizii*).



25. mynd. Klukkumosi.
Hetta yfir gróhirslu
(*Encalypta rhaftocarpa*).

27. mynd. Krónmosi. Útlit.
(Climacium dendroides).



Kragamosi: Schistidium. -kregill. 5 teg.

Af nafnorðinu kragi, "(uppbrotinn eða útaflagður) jaðar efst á flik kringum hálsinn". Gróhirslan situr niðri á milli efstu blaðanna. Opkransinn er útstæður og því áberandi sem rauður kragi kringum gróhirsluopið (26. mynd).

Dæmi: Vörtukregill (S. strictum).

Krílmosi: Cladopodiella. 1 teg.

Af nafnorðinu kril, "e-ð litíð". Betta er ákaflega smávaxinn mosi.

Krónmosi: Climacium. 1 teg.

Af nafnorðinu króna, "toppur (t.d. á tré)". Uppréttu stönglarnir eru greinalausir neðantil en greinóttir efst, þannig að útlitið minnir á tré (27. mynd). Stofnsamsett, sbr. hnokkmosi og krónhjörtur.

Krysílmosi: Frullania. -krysill. 3 teg.

Af nafnorðinu krús, "krukka". Hjá þessari ættkvísl hefur hluti hliðarblaðs ummyndast í smákrukku við blaðgrunni (28. mynd).

Dæmi: Hjálmkrysill (F. dilatata).

Kuðulmosi: Oxystegus. 1 teg.

Af nafnorðinu kuðull, "flækja, benda; e-ð samanhlaupið". Mosinn litar út eins og hann sé samankuðlaður.


Kverkmosi: Meesia. -kverkill. 2 teg.

Af nafnorðinu kverk, "hornið milli höku og háls". Hálsinn er langur og uppréttur en fullbroksuð gróhirsla visar til hliðar þvert á hálsinn, þannig að greinileg kverk myndast á mótaum háls og gróhirslu (29. mynd).

Dæmi: Keldukverkill (M. triquetra).



28.mynd. Krysílmosi. Hluti af sprota, séð neðan frá (Frullania tamarisci).



29. mynd. Kverkmosi.
Gróhirsla (Meesia uliginosa).

30. mynd. Kylfumosi.
Gróhirsla (Plagiochrysum demissum).

Kylfumosi: Plagiochrysum. -kylfill. 2 teg.

Af nafnorðinu kylfa, "barefli, oft stór og sver lurkur, ætlaður til að síá með, venjul. gildari í annan endann". Gróhirslurnar eru einkennandi fyrir ættkvíslina, en þær eru áberandi kylfulaga (30. mynd).

Dæmi: Ljós kylfill (P. zieri).

Kögurmosi: Asterella. 1 teg.

Af nafnorðinu kögur, "lausir prædir eða tröf sem hanga á klæðisjaðri". Ættkvíslin er auðpekkkt á sérkennilegu kögri neðan úr stikilshöfðunum.

Larfamosi: Barbilophozia. -larfi. 7 teg.

Af nafnorðinu larfi, "í samsetn.: hempularfi", sbr. larfur, "FT larfar vond föt, tötrar, garmar". Hliðarblöðin eru klöfin í two til fjára flipa og eru að auki venjulega trefjótt við blaðgrunninn. Undirblöðin eru bæði djúpt klöfin og trefjótt. Blöðin minna hví nokkuð á slitna flik.

Dæmi: Lautalarfi (B. lycopodioides).

Laufamosi: Tayloria. -laufi. 2 teg.

Af nafnorðinu laufi, "sverð". Blöðin eru stór og áberandi. Bau eru flöt, bein og regluleg og minna á stutt og breitt sverð.

Dæmi: Bjarglaufi (T. acuminata).

Lápmosi: Lophozia. -lápur. 13 teg.

Af nafninu Lápur, "nafn á einum af sonum Grylu og Leppalúða". Notað vegna líkingar við fyrstu stafi í latneska heitinu.

Dæmi: Klettalápur (L. collaris).

Leppmosi: Scapania. -leppur. 17 teg.


Af nafnorðinu leppur, "tuska úr ullardúk; bót á flik". Hjá þessari ættkvísl eru hliðarblöðin tvískipt. Minni blaðhlutinn er brotinn yfir þann stærri, þannig að hann myndar nokkurs konar lepp sem liggur yfir honum (31. mynd).

Dæmi: Tunguleppur (S. lingulata).

Leskjumosi: *Lescurea*. -leskja. 5 teg.
Af nafnorðinu leskja, "máttley singi".
Nafnið er notað vegna likingar við latneska heitið. Þetta eru jarðlægir mosar þannig að nafnið hæfir nokkuð vel.

Dæmi: Lautaleskja (*L. radicosa*).


Lokkmosi: *Homalothecium*. -lokkur. 3 teg.
Af nafnorðinu lokkur, "hárknippi".
Þessir mosar skera sig oft vel úr umhverfinu og minna í útliti á hárlokka.
Dæmi: Myralokkur (*H. nitens*).



31.mynd. Leppmosi.
Blað á stöngli,
séð ofan frá
(*Scapania*
paludicola).

Lokumosi: *Hymenostylium*. 1 teg.
Af nafnorðinu loka, "ýmiss konar útbúnaður til að loka með". Þegar lok er laust frá gróhirslu fyrur það venjulega burt og kemur ekki meira við sögu. Hjá þessari ættkvísl helst lokið fast við súluna og lyftist af eða fellur niður á gróhirsluopið eftir rakastigi og er þannig notað til að opna og loka gróhirslunni (32. mynd).


Lufsumosi: *Pseudoleskeella*. -lufsi. 2 teg.
Af nafnorðinu lufsa, "hártjásá".
Mosinn myndar oftast langa fingerða sprotta sem liggja margir samhliða og líta út eins og hártjásur.
Dæmi: Skorulufsi (*P. nervosa*).



32.mynd. Lokumosi.
Opin gróhirsla
(*Hymenostylium*
recurvirostre).

Mjallimosi: *Sauteria*. 1 teg.
Af nafnorðinu mjóll, "(nyfallinn)
snjór, lausamjóll". Þetta er áberandi hvítleitur fjallamosi.

Naddmosi: *Nardia*. -naddi. 3 teg.
Af nafnorðinu naddur, "stór nagli;
oddur". Undirblöðin eru einkennandi fyrir ættkvíslina. Þau eru heil og standa oftast eins og gaddur út frá stönglinum (33. mynd).
Dæmi: Snænaddi (*N. breidleri*).



33.mynd. Naddmosi.
Hlut af stöngli
með blöðum, séð
frá hlið. Hliðar-
blöðin á þeiri
hlið stönguls er
frá snýr eru ekki
teiknuð (*Nardia*
scalaris).

Nálmosi: *Leptobryum*. 1 teg.
